

FUNDARBOÐ

256. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar verður haldinn í fundarsal að Digranesgötu 2, fimmtudaginn 12. september 2024 og hefst kl. 16:00

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra

2. 2003172 - Tillaga um breytingu á fundartíma sveitarstjórnar

Lagt er til að næsti fundur sveitarstjórnar fari fram miðvikudaginn 9. október nk. kl. 16.00 en Fjármálaráðstefna sveitarfélaga fer fram dagana 10. og 11. október 2024.

3. 2408136 - Borgarbraut 55 - beiðni um samþykki v. sölu

Afgreiðsla fundar byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 679: Lögð fram beiðni um samþykki Borgarbyggðar sem afsalshafa, vegna sölu á Borgarbraut 55, Borgarnesi. Fyrir liggur samþykkt kautilboð um fasteignina Borgarbraut 55, fnr. 211-1069, þar sem Sg-eignir ehf. kt. 681102-2720 er kaupandi og AXL05 ehf. er seljandi.

AXL05 ehf. kt. 520521-1430, keypti fasteignina að Borgarbraut 55, fnr. 211-1069, með kaupsamningi dags. 8. desember 2021 af Borgarbyggð. Samkvæmt kaupsamningi gerði seljandi kröfu um að uppbygging á lóðinni væri í samræmi við reglur sveitarfélagsins um úthlutun lóða og framkvæmdafrestir eins og lýst var nánar í kaupsamningi. Að gefið skuli út afsal þegar byggingarstigi 2 er náð.

Óskar seljandi eftir heimild Borgarbyggðar til að samþykkja fyrirhuguð kaup og að veittur verði rýmri frestur til þess að ljúka uppbyggingu á lóðinni. hjálaga er yfirlit yfir uppfærða framkvæmdafresti.

Meðfylgjandi er jákvæð umsögn byggingarfulltrúa Borgarbyggðar.

Borgarbyggð samþykkir fyrir sitt leiti fyrirhuguð kaup og að veittir verði rýmri frestir til uppbyggingar á lóðinni samkvæmt nýrri tímalínu. Samþykki sveitarfélagsins er með fyrirvara um að fasteignagjöld séu að fullu greidd. Málinu vísað til sveitarstjórnar til fullnaðarafgreiðslu.

Samþykkt samhljóða

4. 2408054 - Reglur um birtingu gagna með fundargerðum

Afgreiðsla fundar byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 679: "Uppfærðar reglur vegna birtingar gagna með fundargerðum lagðar fram. Þórunn Unnur Birgisdóttir, verkefnastjóri á fjármála- og stjórnsýslusviði kemur til fundar undir þessum lið.

Byggðarráð samþykkir framlagaðar reglur um birtingu gagna með fundargerðum og vísar til afgreiðslu í sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða"

5. 2310255 - Endurbætur á miðálmum Grunnskólans í Borgarnesi

Afgreiðsla fundar byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 679: "Framlögð opunarskýrsla vegna þátttöku í útboði um verklegar framkvæmdir við Grunnskólann í Borgarnesi. Guðný Elíasdóttir sviðsstjóri og Guðni Rafn Ásgeirsson umsjónarmaður fasteigna sátu fundinn undir þessum lið.

Opunarskýrsla framlögð og sveitarstjóra falið að ganga til samninga við lægstbjóðanda EJI ehf.

Samþykkt samhljóða"

6. 2302057 - Grenihlíð 3 Varmalandi - stækkun lóðar - fyrirspurn

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 680: "Landeigandi Grenihlíðar 3 (lnr. 134952) óskar eftir því við Borgarbyggð að kaupa 1364fm úr landi sveitarfélagsins í Varmalandi sem er í samræmi við meðfylgjandi lóðablað. Þann 10. maí sl. var málið tekið fyrir á byggðaráði og samþykkt að ganga til samninga við landeiganda um sölu á samtals 700fm. Lóðablaðið sem fylgdi þeirri afgreiðslu sýndi sömu stærð afmarkaða og nú en tiltekin var lægri tala í texta en óskað var eftir. Er beiðnin því aftur lögð fyrir.

Byggðaráð samþykkir að ganga til samninga við landeiganda Grenihlíðar 3 um sölu á 1364fm úr landi Borgarbyggðar og stækka lóðina upp í 2139fm eins og fram kemur á framlögðu lóðablaði. Lóðin verður áfram nýtt sem íbúðarhúsalóð.

Samþykkt samhljóða."

7. 2409001 - Vinnuhópur um eigendastefnu, sameignarsamning og lög um Orkuveituna

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 681: "Framhaldseigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum 14. júní sl. svohljóðandi tillögu: "Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur skorar á eigendur að skipa vinnuhóp til að endurskoða eigendastefnu, sameignarsamning og eftir atvikum lög um Orkuveitu Reykjavíkur, t.d. varðandi félagsform. Stofnsamþykktir skv. fyrirbyggjandi drögum verði afgreiddar að þeirri vinnu lokinni."

Byggðarráð leggur til að Davíð Sigurðsson og Stefán Broddi Guðjónsson verði skipaðir fyrir hönd Borgarbyggðar í vinnuhóp til að endurskoða eigendastefnu, sameignarsamning og eftir atvikum lög um Orkuveitu Reykjavíkur í samræmi við afgreiðslu framhaldsaðalfundar Orkuveitunnar dags. 14. júní 2024.

Byggðarráð telur mikilvægt að í þeirri vinnu verði horft til þess að tryggja góða stjórnarhætti, t.d. með minnihlutavernd í huga og armslengd stjórnar Orkuveitunnar og dótturfélaga frá stærsta eigandanum. Vísað til fullnaðarafgreiðslu í sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

Lilja Björg Ágústsdóttir sviðsstjóri fjármála - og stjórnsýslusviðs sat fundinn undir þessum lið."

8. 2401273 - Útboð á akstursþjónustu

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 681: "Vinna við útboð á akstursþjónustu fyrir fatlaða og aldraða er langt komin. Á 151. fundi velferðarnefndar kynnti Birgir Örn Birgirsson, lögfræðingur hjá Consensa í hverju útboðið er falið og en hann hefur jafnframt gert samantekt á útboðinu, undirbúið drög að útboðsskjali og

útboðsgögnum, auk þess að hafa sett saman drög að akstursáætlun, sjá meðfylgjandi. Bókun velferðarnefndar var eftirfarandi: Velferðarnefnd þakkar Birgi fyrir góða kynningu og þá vinnu sem hann hefur tekið að sér. Velferðarnefnd samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti að farið verði í útboð á akstursþjónustunni á grunni fyrirbyggjandi gagna. Nefndin vísar málinu til afgreiðslu til Bygðarráðs.

Bygðarráð samþykkir afgreiðslu Velferðarnefndar um að fram fari útboð á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Vísað til staðfestingar í sveitarstjórn.
Samþykkt samhljóða.
Hlökkver Ingi Gunnarsson sviðsstjóri fjölskyldusviðs sat fundinn undir þessum lið."

9. 2303105 - Fjölnota íþróttahús - Knatthús

Afgreiðsla fundar bygðarráðs Borgarbyggðar nr. 681: "Framlögð niðurstaða forvals fyrir alútbóð á fjölnota íþróttahúsi í Borgarnesi.

Framlagt. Bygðarráð staðfestir að eftirfarandi umsækjendur verði valdir til þátttöku í lokuðu alútbóði vegna byggingar fjölnota íþróttahúss, knatthúss; Alverk ehf., Eykt ehf., E. Sigurðsson ehf., Ístak hf. og Sjammi ehf.

Samþykkt samhljóða.

Guðný Elíasdóttir sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs sat fundinn undir þessum lið."

10. 2403228 - Umsóknir í styrkvegasjóð 2024

Afgreiðsla frá fundi umhverfis- og landbúnaðarnefndar nr. 65: "Farið yfir umsóknir og lögð fram tillaga að útdeilingu styrks.

Umhverfis- og landbúnaðarnefnd ákveður að eftirfarandi vegir fái styrk samtals að upphæð 4.700.000kr.:

Vegur að Syðri-Rauðamel

Vegurinn frá Örnólfsdal og fram á Hvítisíðingafrétt, að afréttargirðingu

Vegur að Oddsstaðarétt

Vegur inn Grenjadal/Mjóadal

Vegur fyrir innan Torfhvalastaði, Langavatn"

11. 2408032 - Álagning fjallskila 2024

Afgreiðsla frá fundi fjallskilanefndar Rauðsgilsréttar nr. 29: "Hækkun á dagsverki um 2000kr. Hækkun á fjárgjöldum um 100kr. Hækkun á fæði um 1000kr."

12. 2408144 - Fjallskil 2024

Afgreiðsla fundar fjallskilanefndar Þverárréttar nr. 72: " Heildarfjöldi fjár til fjallskila er 6.449 og kostnaður pr. kind 650 krónur. Upplýsingar um fjárfjölda eru samkvæmt haustskýrslu. Heildarkostnaður vegna fjallskila er 4.191.850 krónur. Fjallskilum jafnað niður og þau yfirfarin. Þau samþykkt og verða send til Borgarbyggðar til fjölritunar og dreifingar. Farið verður í eftirleitir eftir því sem þarf eins og venja er. Sunnudaginn 29. september verður skilarétt kl 16:00. Þennan dag eiga allir jarðeigendur eða umráðamenn þeirra að vera búnir að smala sín lönd og koma fé til réttar."

13. 2408046 - Álagning fjallskila 2024

Afgreiðsla frá fundi fjallskilanefndar Oddstaðaréttar nr. 51: "Upplýsingar um jarðamat

fengnar úr Þjóðskrá. Álagning á kind helst óbreytt í 610 kr. Álagningarhlutfall á fasteingamat helst óbreytt í 1,25% Álögð fjallskil samtals: 3.536.264 kr. Innheimt í peningum: 1.621.564 kr. Dagsverkamat í leitum helst óbreytt. Gengið frá fjallskilaseðli með fyrirvara dagsetningar"

14. 2408192 - Fjallskil 2024

Afgreiðsla fundar fjallskilnefndar Kaldárbakka- og Mýrdalsréttar nr. 32: "Jafnað var niður fjallskilum. Dagsverkin eru 71 og 75 kindur í dagsverkinu. Fjallskilagjald pr. kind er kr 268.- Heildarfjöldi kinda er 5315. Ákveðið var að dagsverkið væri metið á kr 20.000.-"

15. 2409015 - Fjallskil 2024

Afgreiðsla frá fundi fjallskilanefndar Grímsstaðaréttar nr. 38: "Lagt var á 1211 vetrarfóðraðar kindur sem er fækkun um 22 kindur milli ára .hver kind er metinn á 850 kr Dagsverkið er 10000. Kostnaður vegna matar er 10000 Fjallskilum jafnað niður og þau yfirfarinn þau samþykkt og send til Borgarbyggðar til fjölrítunar og dreifingar."

16. 2408187 - Fjallskil 2024

Afgreiðsla frá fundi fjallskilanefndar Brekku- og Svignaskarðsréttar : "Lagt var á 1305 vetrarfóðraðar kindur samkvæmt hausttölum. Dagsverk er metið á kr. 15.000. Kostnaður pr kind kr. 850,-. Kostnaður vegna matar er kr. 12.000. Fjallskilum jafnað niður og þau yfirfarin. Þau samþykkt og send til Borgarbyggðar til fjölrítunar og dreifingar."

17. 2408147 - Fjallskil 2024

Afgreiðsla frá fundi fjallskilanefndar Hítardalsréttar nr. 38: "Álagning fjallskila á fjáreigendur sem eru 11. Tala sauðfjár til fjallskila er 2392 samkvæmt haustskýrslum 2023-2024 uppgæfið frá Borgarbyggð, fækkun um 204 fjár. Fjallskilagjald á kind ákveðið 850 kr. Heildarálagning 2.033.200 kr. Dagsverkið metið á 10.000 kr. Leitarstjóri í öllum afréttarleitum verður Gísli Guðjónsson. Jakob A. Eyjólfsson stjórnar leitum á Svarfhólmúla. Réttarstjóri í réttum verður Sigurjón Helgason."

18. 2402195 - Sigmundarstaðir - Mælimastur á Grjóthálsi - umsókn um deiliskipulag - L134748

Afgreiðsla 68. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Fram kemur tillaga frá Sjálfstæðisflokki og Vinstri grænum: "Við fulltúar Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna benda á að stefnumótun sveitarfélagsins og stjórnvalda vegna nýtingu vindorku liggur ekki fyrir. Breytingar á aðalskipulagi Borgarbyggðar er í gangi en þar er í vinnslu stefnumótun vegna nýtingu á vindorku. Tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku eru í vinnslu á Alþingi Íslendinga og þar er svohljóðandi grein? Við ákvörðun og val á svæðum fyrir hagnýtingu vindorku skal þess ávallt gætt að neikvæðum áhrifum af starfseminni á viðkvæm svæði í náttúrunni og menningarminjar sé haldið í lágmarki og að tekið sé tillit til sjónrænna og hljóðrænna áhrifa. Gæta skal sérstaklega að áhrifum á þjóðgarða og önnur friðlýst svæði, óbyggð víðerni og ferðamannastaði sem eru einstakir á landsvísi vegna náttúrufars?. Ef þessi tillaga um stefnu stjórnvalda verður samþykkt þá á Borgarbyggð eftir að taka afstöðu til þess hvort Grjóthálsi sé sá staður í Borgarbyggð sem falli undir þessa skilgreiningu sem kemur fram í stefnu stjórnvalda um svæði þar sem ekki á að nýta vindorku. Ég tel að það séu veigamikil rök fyrir því að í kringum Grjóthálsi séu staðir sem eru einstakir á landsvísi og mikilvægir ferðamannastaðir sem Vindmyllur á Grjóthálsi munu hafa mjög neikvæð

áhrif á. Ég legg því til að afgreiðslu deiliskipulagsins verði frestað þar til lokið verði vinnu við stefnu Borgarbyggðar og stjórnvalda um uppbyggingu vindorku Íslandi og þær samþykktar af sveitarstjórn og Alþingi Íslendinga."

Hafnað með 3 (DS, EMJ, OJ) atkvæðum gegn 1 (FA), 1 (LS) sat hjá.

Fulltrúi A lista leggur fram eftirfarandi bókun: "Í þessu tilfelli erum við að taka fyrir mælimastur til rannsókna alveg burt séð frá afstöðu okkar til vindorkugarðs. Í mínum huga verður að vera alveg skýrt í framkvæmdarleyfi að mæli mastrið verði tekið niður að tveimur árum liðnum og að gengið verði frá umhverfinu í kring svo ekki hljótist náttúruspjöll. Þar sem í þessu tilfelli er eingöngu verið að afgreiða deiliskipulag fyrir mælimastur til rannsókna mun fulltrúi A lista ekki setja sig upp á móti."

Davíð Sigurðsson bókar eftirfarandi: "Í ljósi þess hve víðtæk mótmæli íbúa á svæðinu og annarra umsagnaraðila eru legg ég til að endanleg afgreiðsla á deiliskipulagi fari fram í sveitarstjórn Borgarbyggðar."

Samþykkt samhljóða.

Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja fyrir sitt leyti framlagt deiliskipulag samkvæmt 42. gr. skipulagslaga 123/2010 með þeim breytingum sem gerðar voru með tilliti til umsagna og athugasemda sem bárust á kynningartíma en breyta ekki auglýstri tillögu í grundvallaratriðum.

Samþykkt með 4 (DS, LS, OJ, EMJ) atkvæðum gegn 1 (FA)."

19. 2301075 - Aðalskipulag - Endurskoðun - Vinnslutími

Afgreiðsla 68. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða vinnslutillögu að Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2025-2037 til auglýsingar skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga 123/2010. Endurskoðun aðalskipulags er til 12 ára og nær yfir allt land innan Borgarbyggðar. Þar er mörkuð stefna sveitarfélagsins um landnotkun, náttúruvernd og þróun byggðar.

Skipulags- og matslýsing var auglýst skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga frá 15. júní til og með 18. september 2023.

Meðfylgjandi skipulagsgögn eru greinagerð, forsendur og umhverfismatsskýrsla, skipulagsuppráttur fyrir dreifbýli, skipulagsuppráttur fyrir þéttbýlið í Borgarnesi, skipulagsuppráttur fyrir þéttbýlin í Bifröst, Hvanneyri og Reykholti, flokkun vega í náttúru Íslands, flokkun landbúnaðarlands og takmarkanir vegna vindorku.

Samþykkt samhljóða.

Eva Margrét Jónudóttir leggur fram: "Það eru tveir þættir sem ég vil vekja athygli á varðandi takmarkanir vegna vindorku. Það er annars vegar viðmið um 300 metra hæð yfir sjávarmáli og hins vegar viðmið um 1 km fjarlægð frá byggð. Með þessu hæðarlínuviðmiði er verið að útiloka óþarflega stórt svæði sem gæti mögulega hentað vel til vindorkuframleiðslu í framtíðinni. Varðandi fjarlægðina frá byggð þá hefði ég vilja sjá rökstuðning fyrir viðmiðinu. Það væri nær að hafa reiknireglu eins og t.d. fjórfjöld hæð vindmyllu frá byggð eða eitthvað í þeim dúr. Ég tel fulla ástæðu til að kalla eftir ábendingum varðandi þetta á kynningartíma og endurskoða tillögunu í kjölfarið.""

Fundargerð

20. 2406014F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 674

- 20.1 2303105 - Fjölnota íþróttahús - Knattús
- 20.2 2111213 - Brákarey - framtíðarskipulag
- 20.3 1905134 - Áskorun um húsnæðismál
- 20.4 2406144 - Boð á félagsfund í Veiðifélagi Langár
- 20.5 2401226 - Samband ísl.sveitarfélaga - fundagerðir 2024.
- 20.6 2405163 - Samstarf Borgarbyggðar og Íslenska fæðuklasans

21. 2406019F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 675

- 21.1 2404319 - Skólasvæði (B3) grunnskólinn í Borgarnesi_Breyting á deiliskipulagi
- 21.2 2311071 - Íþróttasvæði Borgarnesi - Deiliskipulag
- 21.3 2303105 - Fjölnota íþróttahús - Knatthús
- 21.4 2312078 - Leikskólinn Hraunborg - Varmaland - Flutningur
- 21.5 2311091 - Vallarás - hönnun og framkvæmdir
- 21.6 2406059 - Sorpútboð 2024
- 21.7 1912083 - Samstarf um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Bjargslandi
- 21.8 2401038 - Stefnumörkun Orkuveitu Reykjavíkur
- 21.9 2406054 - Endurvottunarúttekt - jafnlaunakerfi
- 21.10 2405163 - Íslenski fæðuklasinn
- 21.11 2404015 - Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur 2024
- 21.12 2406237 - Aðalfundur Gleipnis 2024
- 21.13 2406036 - Aðalfundur Faxaflóahafna sf. - Fundarboð

22. 2407001F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 676

- 22.1 2406037 - Uppfærðar samþykktir um stjórn Borgarbyggðar
- 22.2 2103141 - Melabraut - Blágrænar ofanvatnslausnir -Lagnakerfi götu
- 22.3 2402257 - Uxahryggjavegur (52) í Borgarbyggð og Bláskógabyggð_Ósk um umsögn
- 22.4 2111213 - Brákarey - framtíðarskipulag
- 22.5 2406178 - Framkvæmdastyrkir 2024 - úthlutun
- 22.6 2407054 - Fjárhagsáætlun 2025
- 22.7 2406216 - Skipan stjórnar fólkvangsins í Einkunnum
- 22.8 2401226 - Samband ísl.sveitarfélaga - fundagerðir 2024.
- 22.9 2407070 - Fundir byggðarráðs í júlí

23. 2408013F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 679

- 23.1 2408028 - Hreimsstaðir í Norðurárdal - Umsókn um ljósastaura
- 23.2 2408136 - Borgarbraut 55 - beiðni um samþykki v. sölu
- 23.3 2408054 - Reglur um birtingu gagna með fundargerðum
- 23.4 2407095 - Reglur um tölvupóst og netnotkun starfsfólks
- 23.5 2408150 - Útboð vegna váttrygginga
- 23.6 2310255 - Endurbætur á miðálmu Grunnskólans í Borgarnesi
- 23.7 2303105 - Fjölnota íþróttahús - Knatthús
- 23.8 2408149 - Staða á framkvæmdum í Borgarbyggð

24. 2408021F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 680

- 24.1 2407054 - Fjárhagsáætlun 2025

- 24.2 2303105 - Fjölnota ípróttahús - Knatthús
- 24.3 2406037 - Uppfærðar samþykktir um stjórn Borgarbyggðar
- 24.4 2406245 - Kjarasamningar 2024
- 24.5 2302057 - Grenihlíð 3 Varmalandi - stækkun lóðar - fyrirspurn
- 24.6 2301130 - Sveitarstjórnarfundur unga fólksins
- 24.7 2401300 - Fundargerðir 2024 - Hafnasamband Íslands.
- 24.8 2403003 - Fundargerðir stjórnar SSV 2024.
- 24.9 2403003 - Fundargerðir stjórnar SSV 2024.
- 24.10 2408209 - Fundargerðir stjórnar Sorpurðunar Vesturlands 2024.
- 24.11 2408209 - Fundargerðir stjórnar Sorpurðunar Vesturlands 2024.
- 24.12 2404015 - Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur 2024
- 24.13 2104092 - Grunnskóli Borgarfjarðar- Kleppjárnsreykjadeild - framkvæmdir á skólahúsnæði

25. 2409001F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 681

- 25.1 2409001 - Vinnuhópur um eigendastefnu, sameignarsamning og lög um Orkuveituna
- 25.2 2407054 - Fjárhagsáætlun 2025
- 25.3 2408149 - Staða á framkvæmdum í Borgarbyggð
- 25.4 2409008 - Íbúakannanir og vísbendingar
- 25.5 2401273 - Útboð á akstursþjónustu
- 25.6 2408024 - Umsókn um lóðir - Melabraut 4a og 4b
- 25.7 2212062 - Ugluklettur - Stækkun
- 25.8 2303105 - Fjölnota ípróttahús - Knatthús

26. 2409002F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 68

- 26.1 2301075 - Aðalskipulag - Endurskoðun - Vinnslutími
- 26.2 2402195 - Sigmundarstaðir - Mælimastur á Grjóthálsi - umsókn um deiliskipulag - L134748
- 26.3 2301075 - Aðalskipulag - Endurskoðun - Vinnslutími
- 26.4 2302047 - Hótel Varmaland - Breyting á deiliskipulagi
- 26.5 2212062 - Ugluklettur - Stækkun
- 26.6 2407075 - Básar 27 Svartagil _ Umsókn um deiliskipulag
- 26.7 2407069 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi Svöluklettur 3
- 26.8 2403239 - Snorrastaðir (L136085) - umsókn um framkvæmdarleyfi vegna túns
- 26.9 2403079 - Snorrastaðir (L136084-136085) - umsókn um framkvæmdarleyfi vegna bílastæðis
- 26.10 2201140 - Draumaland L231301 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 26.11 2405032 - Fannholt L229353 - Umsókn um framkvæmdaleyfi skógrækt
- 26.12 2408223 - Frístundasvæði Ytri-Skeljabrekku_ Fyrirspurn um skipulagsmál
- 26.13 2111213 - Brákarey - framtíðarskipulag

- 26.14 2407120 - Aðgengismál fatlaðra barna að skólalóðum og leiksvæðum
 - 26.15 2406037 - Uppfærðar samþykktir um stjórn Borgarbyggðar
 - 26.16 2406245 - Kjarasamningar 2024
 - 26.17 2408007F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 38
 - 26.18 2408011F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 39
 - 26.19 2408012F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 231
- 27. 2408001F - Velferðarnefnd Borgarbyggðar - 150**
- 27.2 2407120 - Aðgengismál fatlaðra barna að skólalóðum og leiksvæðum
- 28. 2408028F - Velferðarnefnd Borgarbyggðar - 151**
- 28.2 2401273 - Útboð á akstursþjónustu
 - 28.3 2406245 - Kjarasamningar 2024
 - 28.4 2406037 - Uppfærðar samþykktir um stjórn Borgarbyggðar
- 29. 2408006F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 66**
- 29.1 2406059 - Sorpútboð 2024
 - 29.2 2408201 - Hreinsunarátak_brotajárn 2024
 - 29.3 2408203 - Umhverfisviðurkenningar 2024
 - 29.4 2206234 - Erindi um hundagerði á Hvanneyri
 - 29.5 2406245 - Kjarasamningar 2024
 - 29.6 2406037 - Uppfærðar samþykktir um stjórn Borgarbyggðar
 - 29.7 2409003 - Umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða
- 30. 2409005F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 235**
- 30.1 1906133 - Erindisbréf fræðslunefndar
 - 30.2 2407054 - Fjárhagsáætlun 2025
 - 30.3 2406037 - Uppfærðar samþykktir um stjórn Borgarbyggðar
 - 30.4 2408042 - Ársskýrslur grunn- og leikskóla 2024
 - 30.5 2406245 - Kjarasamningar 2024
 - 30.6 2407120 - Aðgengismál fatlaðra barna að skólalóðum og leiksvæðum
 - 30.7 2407076 - Gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum
 - 30.8 2409005 - Skólaakstur 2024
- 31. 2409007F - Fjallskilanefnd Grímsstaðaréttar - 38**
- 32. 2408023F - Fjallskilaumdæmi ABHS - 21**
- 33. 2408020F - Fjallskilanefnd Kaldárbakka - og Mýrdalsréttar - 32**

34. 2408016F - Fjallskilanevnd Þverárréttar - 72

35. 2409010F - Fjallskilanevnd Oddsstaðaréttar - 52

35.1 2409036 - Endurskoðun fjallskilasamþykktar fjallskilaumdæmis stjórnar ABHS

35.2 2409037 - Fjárhagsáætlun 2025

36. 2408014F - Fjallskilanevnd Hítardalsréttar - 38

37. 2408018F - Fjallskilanevnd Brekku - og Svignaskarðsréttar - 54

10.09.2024

Lilja Björg Ágústsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslu.